

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar regluge rðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2004 frá 19. mars 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1873/2003 frá 24. október 2003 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2011/2003 frá 14. nóvember 2003 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2145/2003 frá 8. desember 2003 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32003 R 1873**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1873/2003 frá 24. október 2003 (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 9),
- **32003 R 2011**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2011/2003 frá 14. nóvember 2003 (Stjtíð. ESB L 297, 15.11.2003, bls. 15),
- **32003 R 2145**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2145/2003 frá 8. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2003, bls. 5).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 128 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 22, 29.4.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 297, 15.11.2003, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2003, bls. 5.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1873/2003, 2011/2003 og 2145/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.